




Ástin til landsins og hafsins

Málþing um Guðjón Sveinsson, rithöfund
Nýheimum, Höfn í Hornafirði
1. september 2007



Laugardaginn 1. september verður haldið málþing um Guðjón Sveinsson, rithöfund á Breiðdalsvík. Blásið er til málþingsins í tilefni þess að Guðjón varð sjötugur fyrr á árinu og á um þessar mundir fjörutíu ára höfundarafmæli. Málþingið er haldið á vegum Fræðaseturs Háskóla Íslands á Höfn og Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar. Þingið fer fram í **Nýheimum, Litlubrú 2 á Höfn**, og hefst kl. 13. Málþingið er öllum opið.

Kl.	Dagskrárliður
13:00	Málþingið sett
13:10	Sigrún Klara Hannesdóttur, bókasafnsfræðingur Grallaraspóar og fleira fólk: um barna- og unglingsbækur Guðjóns Sveinssonar
14:00	Anna Heiða Pálsdóttir, bókmenntafræðingur Ástin til landsins og hafsins: þjóðernisvitund í <i>Ört rennur æskublóð</i> .
14:30	Kvennakór Hornafjarðar syngur nokkur lög
14:45	KAFFIHLÉ
15:15	Jóhann Hjálmarsson, skáld Bernskan og feigðin við hafið: um <i>Söguna af Daniel</i> .
15:45	Þorsteinn Jónsson, kvikmyndagerðamaður Sagan af Daniel á alþjóðamarkað
16:15	Soffía Auður Birgisdóttir, bókmenntafræðingur „Ódauðleg stef aldanna“: um ljóðagerð Guðjóns Sveinssonar.
16:45	Guðjón Sveinsson, rithöfundur Ávarp
17:00	Málþinginu slitið

Guðjón Sveinsson er fæddur að Þverhamri í Breiðdal, Suður-Múlasýslu, 25. maí 1937. Auk ritstarfa hefur Guðjón fengist við ýmis störf til sjós og lands í gegnum tíðina og verið virkur í sveitarstjórnarmálum og sat hann í hreppsnefnd Breiðdalshrepps frá 1970 í um 20 ár, þar af í starfi oddvita í 8 ár.

Guðjón Sveinsson er mjög afkastamikill rithöfundur en fyrsta bók hans kom út 1967. Hann hefur skrifað fjölmargar bækur fyrir börn og unglinga, allt frá dýrasögum til leynilögreglusagna. Í sex barnabókanna segir Guðjón frá sömu fjölskyldunni, Glaumbæingum, og kom sú fyrsta, *Glatt er í Glaumbæ* út 1978 og hefur verið endurútgefin tvisvar síðan.

Guðjón hefur skrifað nokkrar skáldsögur fyrir fullorðna og er þar merkast að telja fjögurra binda skáldverk sem kallast *Sagan af Daniel* og kom út á árunum 1994-1999. Þar er sögð á næman og áhrifaríkan hátt þroska- og orlagasaga drengs til fullorðinsára og um leið gefur verkið einstaka innsýn inn í lifnaðarhætti í litlu sjávarþorpi úti á landi um miðbik tuttugustu aldarinnar. Guðjón hefur einnig gefið út þrjár ljóðabækur, birt smásögur, ritgerðir og greinar í ýmsum blöðum og tímaritum auk þess sem hann er meðhöfundur Breiðdælu hinnar nýju sem kom út 1986-7. Guðjón Sveinsson hefur hlotið viðurkenningu Íslandsdeildar hinnar alþjóðlegu barnabókasamtaka IBBY fyrir ævistarf sitt.



Nýheimar á Höfn: glæsileg mennta- og menningarmiðstöð sveitarfélagsins Hornafjarðar.